



FYRIRSPURN

Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 27. apríl 2023: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um aukið aðgengi barna að klámi:

Flokkur fólksins hefur miklar áhyggjur af auknu aðgengi barna að klámi og þeim afleiðingum sem það áhorf hefur á líf þeirra. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvort og þá hvaða áform Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sem heyrir undir mannréttinda- og ofbeldisvarnaráð hafi til að sporna við þessari óheillabróun? Flokkur fólksins spyr jafnframt hvort mannréttindaskrifstofa gæti hugsað sér að vinna með stjórnvöldum að því að hefta aðgengi barna undir 18 ára aldri að klámi með rótækum lausnum? Menntamálaráðuneytið var með til skoðunar að nota rafræn skilríki til að loka alveg á klám fyrir ólögráða einstaklinga. Árið 2021 skipaði þáverandi menntamálaráðherra starfshóp ýmissa ráðuneyta auk sambands íslenskra sveitarfélaga. Starfshópurinn átti að finna leiðir til að hefta aðgengi barna undir 18 ára aldri að klámi með rótækum lausnum. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvað það mál er statt og hvað sé að fréttu varðandi vinnu starfshópsins. MSS23040243